

Öryggisstefna

1 Tilgangur og umfang

Skilgreining stefnu Isavia í málum tengdum flugöryggi, gæðum og vernd.

2 Stefna og markmið

Isavia vinnur markvisst að því að lágmarka áhættu í allri starfsemi sinni að ásættanlegu marki og leggur flugöryggi og vernd til grundvallar allri starfsemi fyrirtækisins.

Meginmarkmið Isavia er að minnka áhættu á slysum, atvikum og öðrum atburðum sem gætu haft áhrif á flugöryggi eða vernd. Enn fremur vill Isavia tryggja, að aðrir aðilar, fyrirtæki og stofnanir sem tengjast rekstri og þjónustu félagsins, samræmi sig þessu markmiði.

Starfsfólk Isavia allt frá æðstu stjórnendum og eftir öllu stjórnskipulaginu er einhuga um að:

- Starfsemin uppfylli alla staðla og gildandi kröfur
- Nægjanlegt fé, starfsfólk, þekking og búnaður sé fyrir hendi til að framfylgja öryggisstefnunni.
- Vinna kerfisbundið með skýrum, fyrirbyggjandi og skjalfestum hætti að öryggis- og verndarmálum
- Ábyrgð starfsmanna og starfsskyldur séu skilgreindar og uppfylltar
- Starfsmenn séu hæfir og hafi þá reynslu, þekkingu og þjálfun sem nauðsynleg er fyrir öryggi, gæði og vernd þjónustunnar
- Öryggisbragur styðji markmið öryggisstefnu og sé ríkur þáttur í starfi allra og stöðugt sé unnið að umbóta- og forvarnaverkefnum tengdum flugöryggi
- Starfrækja öryggistilkynningakerfi og virka atvikaskráningu, rannsókn atvika, úrvinnslu og eftirfylgni í þeim tilgangi að bæta öryggi og vernd
- Verklagsreglur um öryggis- og atvikatilkynningar séu til staðar, aðgengilegar öllu starfsfólki og í samræmi við kröfur viðkomandi starfsemi og starfseininga
- Búnaður, mannauður, byggingar og rekstrargögn þjónustunnar séu vernduð fyrir óviðkomandi og ólögmætum afskiptum
- Starfsfólk sé upplýst um reglur fyrirtækisins um óásættanlegt atferli (áhrif geðvirkra efna og/eða ásetningsbrot) og að félagið tryggi réttláta málsmeðferð innan marka laga og reglna við úrvinnslu mála (Just Culture Principles).
- Svið félagsins sem tengjast þjónustu við flug setja sér viðeigandi viðmið og mælikvarða til að mæla frammistöðu öryggis, gæði og verndar

Öryggisstefna - Safety Policy

3 Annað

Stefnan er kynnt fyrir starfsfólki og aðgengileg á innri vef félagsins. Stefna þessi er í gildi og hún skal rýnd árlega til að tryggja gildi hennar. Fyrirsvarsmaður starfsleyfis ber ábyrgð á framfylgd hennar.

Samþykkt af fyrirsvarsmaður starfsleyfis hinn 28. 05. 2026

Bjarni Páll Tryggvason

Bjarni Páll Tryggvason

[Framkvæmdastjóri Þjónustu og Reksturs og fyrirsvarsmaður starfsleyfis](#)

Safety policy

1 Purpose and Scope

Definition of Isavia's policy for aviation safety, quality and security.

2 Policy and objectives

Isavia systematically works to minimize risk in all its operations to an acceptable level, prioritizing aviation safety and security as the foundation of its activities.

Isavia's main objective is to reduce the risk of accidents, incidents and other events that could impact aviation safety and security. In addition, Isavia wants to ensure that other entities, companies, and institutions connected to its operations and services align with this objective.

From top senior management and throughout the entire organisational structure, all Isavia employees are committed to:

- Ensuring that operations comply with all applicable standards and regulatory requirements.
- Providing sufficient finance, personnel, knowledge and equipment to implement the safety policy effectively.
- Implementing safety measures systematically with clear, proactive, and documented methods.
- Operational duties and responsibilities are defined and carried out.
- Ensuring that employees are competent and possess the necessary experience, knowledge, and training required for the safety, quality, and security of the service.
- Cultivating a strong safety culture that enhances operational performance and drives continuous improvement of aviation safety measures, making it a key responsibility for all personnel.
- Operating a safety reporting system, including active occurrence reporting, investigation, processing, and follow-up, to enhance safety and security.
- Establishing and maintaining incident reporting procedures in accordance with relevant operational requirements.
- Protecting the service's equipment, personnel, infrastructure, and operational data from unauthorized and unlawful interference.
- Ensuring that all employees are informed about the company's policies on unacceptable conduct, including the influence of psychoactive substances and/or intentional violations, and that the company ensures fair case processing within the boundaries of laws and regulations (in accordance with just culture principles).

Öryggisstefna - Safety Policy

- Requiring all company divisions involved in aviation services to establish appropriate performance indicators for safety, security and quality.

3 Other

The policy shall be presented to the staff and made accessible on the company's intranet. This policy is in effect, and the Accountable Manager is responsible for its implementation.

Approved by Accountable Manager on 28. 05. 2026

Bjarni Páll Tryggvason

Bjarni Páll Tryggvason

Chief Service & Operations Officer & Accountable Manager